

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

19. október 1984

Nr. 421

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Egilsstaðakauptúni.

- I. 1. Aðalbrautir eru:
 - 1.1. Fagradalsbraut.
 - 1.2. Tjarnarbraut, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
 - 1.3. Skógarlönd, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Tjarnarbraut.
 - 1.4. Árskógar.
 - 1.5. Selás, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut.
 - 1.6. Lagarás, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás.
2. Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um Vallaveg og Kaupvang.
3. Umferð um Hamrahlið, Hjarðarhlið, Bjarkarhlið og Lyngás víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.
4. Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
5. Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um Austurlandsveg.
6. Umferð um ónefnda götu við Eyvindará víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg.
- II. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss á milli Fagradalsbrautar og Skjólbrekku.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Skógarlanda.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á austurbrún Bláskóga.
- III. 1. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf., er bönnuð.
2. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
3. Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg).

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 19. október 1984.

Bogi Nilsson.